

Fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Miðvikudagur 23. ágúst 2023 kl. 17.00 á Teams.

Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson varaformaður, Ingirafn Steinarsson og Jónína

Brynjólfsdóttir safnstjóri.

Vantar: Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir

Dagskrá

1. Starfsmannamál.

- a. Farið yfir stöðu í starfsmannamálum. ZA hefur lokið störfum og er farinn til Kanada þar sem hann verður í allt haust og hefur HBH verið ráðinn í hans stað. Sökum þess að beðið er upplýsinga um fjármuni sem fylgja Angró verður ekki ráðið inn í vetrarverkefni fyrr en það liggur fyrir. Annars er fyrirsjáanlegt átak í skráningu safnmuna í vetur og eitthvað í grisjun. KRP er komin í veikindaleyfi um óákveðinn tíma.

2. Formleg opnun Vélsmiðjunnar

- a. Dagskrá, boðslisti og annað tengt opnun lagt fram til kynningar.

3. Angró

- a. Hönnun, staða á hönnun er sú að arkitektarnir verða með erindi á opnun í Vélsmiðjunni auk þess sem sveitarstjóri Múlaþings mun afhenda safninu formlega húsið. Arkitektar munu þá kynna nýjustu vendingar í hönnun auk þess sem þau munu funda með Verkráði. Huga þarf einnig að því að funda með Guðmundi bryggjusmiði sem og sveitarfélaginu um næstu skref er tengjast bryggjusmiði sem og að steypa grunn að Angró á Lónsleirunni.
- b. Fjármagn til endurbyggingar.
 - i. Beðið er eftir því að fá svör um hvaða fjármunir fylgja húsinu af hálfu sveitarfélagsins. Þegar það liggur fyrir verður unnið í húsinu fyrir þá fjármuni að frátöldu því sem nú hefur verið lagt út af hálfu safnsins við ástandsmat á húsinu og flutning í geymslu-/vinnuhúsnæði.
- c. Ástand hússins
 - i. Hægt verður að vinna að húsagrindinni í vetur auk þess sem smíða má glugga. Mögulegt er að grunnur verði kominn fyrir veturinn auk þess sem spurning er hvernig framvindur með bryggjustólpana.

4. Verkefni framundan, vetur 2023

- a. Grunnskráning safnmuna er í forgangi samhliða verkefnum er tengjast Angró og endurbyggingu þess á Lónsleirunni.
- b. Styrkumsóknir þarf að fara að undirbúa sem og ganga frá þeim lokaskýrslum sem hægt er að skila inn.
- c. Markaðsmál, fræðsla og fleira.
- d. Farskóli í Amsterdam

5. Reglulegir fundir stjórnar.



- a. Fundir verða boðaðir eftir þörfum, stefnt að 6 vikna fresti.

Fundi slitið kl. 18.03